

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 2/97
frá 10. febrúar 1997**

um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

VI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 78/96 frá 13. desember 1996⁽¹⁾.

Tilmæli nr. 20 frá 31. maí 1996 varðandi bættu málsmeðferð við uppgjör á gagnkvæmum kröfum, samþykkt af framkvæmdaráði Evrópubandalaganna um félagslegt öryggi farandlaunþega⁽²⁾ skulu felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 47a (tilmæli nr. 19) í VI. viðauka við samninginn:

„47b. 396 X 0592: Tilmæli nr. 20 frá 31. maí 1996 varðandi bættu málsmeðferð við uppgjör á gagnkvæmum kröfum (Stjtið. EB nr. L 259, 12. 10. 1996, bls. 19).”.

⁽¹⁾ Hefur enn ekki verið birt.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 259, 12. 10. 1996, bls. 19.

2. gr.

Fullgiltur texti tilmæla nr. 20 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. mars 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 10. febrúar 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

C. Day

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

E. Gerner

G. Vik